

Fimmtudaginn 16. mars 1978.

Nr. 88/1975. **Sverrir Sædal Kristjánsson**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Sæbjörgu Guðbjartsdóttur vegna
sjálfrar sín og ófjárráða sona sinna,**

Helga Sævars Hreinssonar og

Péturs Fannars Hreinssonar

(Haukur Jónsson hrl.).

Skaðabætur. Slysaftrygging sjómanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu og að sér verði dæmdur málskostnaður úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að lækkuð verði sú fjárhæð, er héraðsdómur dæmdi hann til að greiða stefndu, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lýst yfir því, að hann falli frá þeirri málsvörn, að annmarkar hafi verið á setningu og birtingu laga nr. 2 frá 18. febrúar 1969 um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum, er leiði til þess, að miðlunartillögur þær, sem um getur í 1. gr. laganna, hafi aldrei öðlast gildi sem kjarasamningur milli þeirra aðilja, sem að kjaradeilunni stóðu, svo sem mælt er fyrir um í nefndri 1. grein. Hefur hann viðurkennt, að í gildi hafi átt að vera slysaftrygging fyrir Hrein heitinn Pétursson skipstjóra á v/b Dagnýju, SF 61, í samræmi við það, sem greinir í a lið 17. gr. svonefnds vertíðarsamnings skipstjóra og stýri-

manna, og a lið 8. gr. svonefnds flutningasamnings skipstjóra og stýrimanna í umræddum miðlunartillögum. Í ákvæðum þessum, sem eru samhljóða, segir svo:

„Útgerðarmaður tryggir á sinn kostnað hvern þann mann, er samningur þessi tekur til samkvæmt hinum almennu skilmálum um atvinnuleysistryggingu fyrir kr. 400.000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — miðað við dauða eða fulla örorku, sbr. framlögð tryggingarskírteini. Sérákvæði um fyrirvara á tryggingu yfirmanna í frítímum skal einnig ná til annarra skipverja. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi skipverja, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis.

Trygging þessi kemur að fullu til frádráttar slysa- og dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.“

Sameiginleg málsaðild stefndu er ekki vefengd. Ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta sætir ekki andmælum.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að stefndi hafi einn verið eigandi og útgerðarmaður v/b Dagnýjar, SF 61, er báturinn fórst. Samkvæmt því og með skírskotun til 2. ml. 6. tl. 7. gr. laga nr. 63/1961 um lögskráningu sjómanna, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 80.000 krónur.

Mál þetta var þingfest í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur 19. mars 1971. Fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, er þá fór með málið, veitti umboðsmanni áfrýjanda frest og síðan fjölmarga framhaldsfresti til að gera kröfur og rita greinargerð um málsatvik, uns loks kom fram greinargerð af hans hendi 27. mars 1972. Voru frestveitingar þessar úr hófi fram og andstæðar ákvæðum 106. gr., sbr. 2. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936.

Héraðsdómari sá, er sat sem dómsformaður í máli þessu, er það var dæmt, kvaddi til dómsetu sem meðdómanda í sjó- og verslunardóminum héraðsdómara úr öðru lögsagnarumdæmi, sem sjálfur hefði orðið að dæma málið með sjó- og verslunardómsmönnum, ef málið hefði borið undir hann. Var þetta andstætt ákvæðum 201. gr. laga nr. 85/1936.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sverrir Sædal Kristjánsson, greiði stefndu, Sæbjörgu Guðbjartsdóttur vegna sjálfrar sín og sona sinna, þeirra Helga Sævars Hreinssonar og Péturs Fannars Hreinssonar, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 10. október 1974.

1.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 19. mars 1971. Málið var dómtekið að lokinni gagnasöfnun 25. september sl.

Stefnendur máls þessa eru Sæbjörg Guðbjartsdóttir, Silfur götu 27, Stykkishólmi, og ólögráða börn hennar, Helgi Sævar, fæddur 12. október 1966, og Pétur Fannar, fæddur 26. júní 1965.

Stefndu voru upphaflega Sverrir Sædal Kristjánsson útgerðarmaður, þá til heimilis að Skúlagötu 7, Stykkishólmi, en nú búsettur í Reykjavík, dómsmálaráðherra, samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnenda voru upphaflega þær, að stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða þeim kr. 400.000 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. mars 1969 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Undir rekstri málsins hafa stefnendur fallið frá öllum kröfum sínum á hendur stefndu dómsmálaráðherra, samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og beina nú kröfum sínum einungis að stefnda Sverri Sædal. Jafnframt hafa þær breytingar verið gerðar á dómkröfunum, að nú er gerð krafa á hendur stefnda um málskostnað, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en málskostnaðarkröfu að öðru leyti beint að ríkissjóði.

Stefndi, Sverrir Sædal, gerir kröfu um algera sýknu sér til handa. Krafa um málskostnað af hálfu stefnda hefur ekki komið fram.

Upphaflega var Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, stefnt til réttargæslu í máli þessu. Samkomulag hefur þó orðið um, að réttargæslustefndi gangi út úr málinu.

Með bréfi dómsmálaráðherra 2. apríl 1973 var stefnendum veitt gjafsókn til höfðunar máls þessa fyrir héraðsdómi. Gjafsókn þessi var endurnýjuð 25. september sl. vegna andláts skipaðs flutningsmanns stefnenda, Gunnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.

2.1. Með afsali, dagsettu 25. febrúar 1969, seldu og afsöluðu Vilhjálmur Antóníusson og Haraldur Jónsson, til heimilis Höfn í Hornafirði, mótorbátnum Dagnýju, SF 61, sem var 27 tonn, byggður 1942. Í afsalinu var stefndi, Sverrir Sædal Kristjánsson, sagður kaupandi bátsins. Aðalskoðun á búnaði bátsins og vél hafði farið fram nokkrum dögum áður en kaupin gerðust.

Báturinn var afhentur í Höfn í Hornafirði. Stefndi, Sverrir Sædal, hafði ráðgert í félagi við þá Hrein Pétursson skipstjóra og Jón Sigurðsson vélstjóra, báða úr Stykkishólmi, að sækja bátinn austur og flytja hann þaðan til Stykkishólms, en áður höfðu þessir síðar tilgreindu menn ráðgert að gera bátinn þaðan út í félagi.

Ekki kom þó til þess, að stefndi, Sverrir Sædal, færi sjálfur austur á Hornafjörð til þess að sækja bátinn, enda kveðst hann hafa þurft að annast ýmsar útréttingar í Reykjavík vegna útgerðar bátsins. Hins vegar fékk stefndi, Sverrir Sædal, Gunnar Þórðarson, skipstjóra í Reykjavík, til þess að fara með þeim Hreini og Jóni austur á Hornafjörð í umræddu skyni. Þessir menn voru allir nánir kunningjar stefnda, Sverris Sædals. Í aðiljaskýrslu hefur stefndi, Sverrir Sædal, látið þess getið, að ekkert hafi verið rætt um ráðningarkjör þessara manna, áður en umrædd ferð var farin.

Upplýst er, að þann 4. mars 1969 milli kl. 1200 og 1300 óskaði Hreinn Pétursson eftir því, að hann sjálfur ásamt þeim Jóni Sigurðssyni og Gunnari Þórðarsyni yrðu lögskráðir á m/b Dagnýju. Hreppstjóri Hafnarhrepps, Gunnar Snjólfsson, kveðst í framhaldi af því hafa fært nöfn þessara manna í skipshafnarskrána, en þeir hafi aldrei komið til þess að undirrita hana. Ljósmynd skipshafnarskrárinnar liggur frammi í málinu. Af henni má ráða, að Hreinn hafi verið skráður sem skipstjóri, Jón sem vélamaður og Gunnar sem háseti. Fyrir dómi hefur þó Gunnar Snjólfsson gert þá leiðréttingu á þessu, að líklega hafi Jón verið háseti, en Gunnar vélstjóri.

Fyrir dómi kvaðst Gunnar ekki muna, hvort hann hefði innt skipstjórann eftir því, hvort hin samningsbundna slysatrygging væri í lagi, en ekki kveðst hann hafa krafist þess, að sér væru sýnd skilríki fyrir því. Hann kveðst hins vegar hafa talið það víst, að búið væri að kaupa þá tryggingu. Þann sama dag, kl. 1230, sendir hreppstjórinn símskeyti til sýslumannsins í Stykkishólmi, þar sem tilkynnt var, að áðurgreindir þrír menn hefðu verið skrásettir á m/b Dagnýju til einnar viku. Í skýrslu Gunnars Snjólfsssonar kveðst hann ekki hafa vitað, hvenær m/b Dagný, SF 61, lagði af stað frá Höfn í Hornafirði, en sér hafi skilist á skipstjóranum, að þeir væru að fara svo til strax. Gögn málsins benda til þess, að m/b Dagný hafi látið úr höfn um hádegisbilið fimmtudaginn 6. mars 1969. Um kl. 1900 þann 7. mars 1969 fékk stefndi símskeyti frá skipstjóra m/b Dagnýjar, og hljóðaði það svo: „Vor-um staddir við Garðskaga kl. 18.00. Getum orðið í Reykjavík kl. 21.00 til 22.00. Allt gengur vel.“

M/b Dagný kom ekki fram. Þann 20. mars 1969 fannst planki rekinn á Eyrarbakka fjöru, sem talinn er geta hafa verið úr m/b Dagnýju. Nokkru síðar fannst gúmbjörgunarbátur á Kjalarnesi, sem sagður var úr m/b Dagnýju. Talið er víst, að m/b Dagný hafi farist í umræddri ferð ásamt þeim mönnum, sem á skipinu voru.

Næst er þess að geta, að stefndi, Sverrir Sædal Kristjánsson, taldi, að tryggingarsamningur hefði komist á við Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f um líf- og örorkutryggingu umræddra þriggja skipverja, að fjárhæð kr. 400.000 fyrir hvern um sig. Sjóváttryggingarfélagið neitaði bótaskyldu. Af þessu tilefni höfðaði Sverrir Sædal mál fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur 14. nóvember 1969, þar sem hann gerði svofelldar dómkröfur: „Að viðurkennt verði með dómi, að váttryggingarsamningur sá um líf- og örorkutryggingu, að fjárhæð kr. 400.000.00 fyrir hvern hinna þriggja skipverja, sem fórust með m/b Dagnýju, SF 61, sem Erlingur Vigfússon, Stykkishólmi, gerði f. h. stefnanda laugardaginn 8. mars 1969 við Benedikt Lárusson, umbodsmann félagsins í Stykkishólmi, skuli með þeim gildur og skuldbindandi fyrir félagið gagnvart þeim váttryggingaratburði, er báturinn fórst á leið sinni frá Höfn í Hornafirði til Stykkishólms.“

Með dómi sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 15. mars 1971 var Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f sýknað af þessum kröfum. Sverrir Sædal skaut máli þessu til Hæstaréttar, en með dómi Hæstaréttar 13. mars 1972 var niðurstaða héraðsdómsins staðfest.

Sverrir Sædal gaf formlega aðiljaskýrslu í nýnefndu máli. Í þessum framburði sagði hann m. a.: „ Aðspurður af sama lögmanni segist mætti (Sverrir Sædal, innskot dómsins) hafa verið einn eigandi að bátnum á þeim tíma, sem hann fórst, en hins vegar hafi verið munnlegt samkomulag við Hrein Pétursson og Jón Sigurðsson, að þeir gætu orðið meðeigendur sínir síðar að bátnum að uppfylltum vissum skilyrðum.

Nánar aðspurður segir mætti, að gengið hafi verið út frá því, að áðurnefndur Hreinn og Jón tækju m. a. þátt í kostnaði af þeirri ferð, sem skipið fór í, og segist mætti reikna með því, að gengið mundi hafa verið frá hlutafélaginu um útgerð skipsins, ef það hefði komið til Stykkishólms þá nokkru síðar“

Í óstaðfestri en ómótmæltri vitnaskýrslu Júlíönu Gestsdóttur, heitkonu fyrrgreinds Jóns Sigurðssonar, sem fram kemur af dómskjali nr. 15 og stefnandi byggir á í málinu, segir svo um þetta atriði: „ Ég man, að einhvern tíma eftir áramótin 1968—1969 talaði Jón við mig um, að það gæti komið til mála, að hann gengi í félagsskap með Sverri Sædal Kristjánssyni og mági hans, Hreini Péturssyni, um útgerð á m/b Dagnýju, sem Sverrir ætlaði eða var að kaupa. Ég var strax algjörlega mótfallin þessu, en faðir minn var frekar hlynntur því, er Jón ræddi þetta við hann.

Ég vissi síðan ekki um þetta frekar nema um víxil að upphæð um kr. 100.000.00, sem Jón skrifaði á ásamt Hreini. Mér skildist, að meiningin væri, að þeir þrír, Jón, Sverrir og Hreinn, mundu ákveða nánar um félagsskap þeirra, þegar báturinn kæmi til Stykkishólms“ Umræddur víxill hefur verið lagður fram í málinu, en hann er gefinn út í Reykjavík 28. febrúar 1969 af Hreini Péturssyni og ábakinn af honum og Jóni Sigurðssyni. Víxillinn er samþykktur af Sverri Sædal Kristjánssyni, með gjald-daga 20. ágúst 1969, að fjárhæð kr. 120.000.00.

3.

3.1. Bent er á, að Hreinn heitinn Pétursson hafi verið skipstjóri á m/b Dagnýju umrætt sinn. Stefnukrafan er á því reist, að útgerðarmaður, stefndi í máli þessu, hafi ekki, þá er lögskráning fór fram, keypt líf- og örorkutryggingu fyrir ofangreindan skipverja sinn, eins og honum hafi þó borið skylda til samkvæmt gildandi kaup- og kjarasamningum.

Stefnendur telja tvímælaust, að stefndi, Sverrir Sædal, hafi verið útgerðarmaður bátsins umrætt sinn og borið að sjá um framangreinda tryggingu, enda er því mótmælt, að umræddir

kjarasamningar gildi ekki fyrir þá ferð, sem farin var með m/b Dagnýju umrætt sinn. Upplýst sé í málinu, að stefndi, Sverrir Sædal, hafi ekki keypt tryggingu þessa þrátt fyrir skyldu í þá átt. Hann sé því persónulega bótaskyldur fyrir brot á samnings- skyldum um hina umstefndu fjárhæð. Því er mótmælt, að Hreinn heitinn Pétursson hafi tekið þátt í félagsútgerð á bátnum í einhverri mynd.

3.2. Aðalkrafa stefnda, Sverris Sædals, er á því reist, að engir kjarasamningar séu til á milli sjómannafélaganna og útvegs- manna, sem taki til slíkra ferða sem þeirrar, sem hinir látnu skipverjar fóru, enda ekkert rætt um ráðningarkjör þeirra áður en ferðin hafi verið farin. Í annan stað er dregið í efa lagagildi fyrrgreindra laga nr. 2 frá 18. febrúar 1969. Segir, að hér hafi verið lögfest miðlunartillaga, sem sáttasemjari ríkisins lagði fram í kjaradeilu um áramótin 1968/1969, en efni hennar að engu getið, og ekki er hún heldur birt með lögformlegum hætti, t. d. sem fylgiskjal með lögnum. Beri að telja með hliðsjón af 27. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 64/1943, 7. gr., að téðar miðlunar- tillögur sáttasemjara hafi ekki lagagildi. Sé því óvíst, að nokkur almennur kjarasamningur hafi verið í gildi, er tók til ferðar skips- ins í umrætt sinn.

Loks er byggt á þeirri málsástæðu, að Jón Sigurðsson, Hreinn Pétursson, Gunnar Þórðarson og stefndi sjálfur hafi haft þann ásetning að festa kaup á umræddum báti sameiginlega og reka hann saman. Hreinn og Jón hafi hins vegar ekki haft peninga í svipinn og því hafi stefndi, Sverrir Sædal, verið einn talinn kaup- andi skv. afsali. Hafi því Hreini sem skipstjóra bátsins borið að gæta þess, að umrædd trygging yrði keypt, ef það yrði talið skylt.

4.

4.1. Á þeim tíma, er sjóferðin var farin, hafði miðlunartillögu frá sáttasemjurum, sem sett var fram í kjaradeilu nokkurra skip- stjóra, stýrimannafélaga og Vélstjórafélags Íslands annars vegar og útvegsmanafélaga hins vegar, verið veitt lagagildi með lög- um nr. 2 frá 18. febrúar 1969 um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum. Lög þessi eru alls fjórar greinar, en í 1. gr. segir svo: „Miðlunartillögur, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaf- lotanum á sáttafundi 1. febrúar 1969 í sáttamálinu nr. 1/1969, skulu gilda sem samningur milli deiluaðila frá gildistöku laga þessara til ársloka 1969“ Lög þessi voru sett á stjórnskipu-

legan hátt og birt með venjulegum hætti. Þau fela það í sér, að miðlunartillöggunni var veitt lagagildi sem heildarkjarasamningur milli fyrrgreindra deiluaðilja. Var slík meðferð fyllilega lögleg.

Samkvæmt skipshafnarskrá þeirri, sem fram hefur verið lögð í málinu, ber að miða við það, að Hreinn heitinn Pétursson hafi verið skipstjóri á m/b Dagnýju í umræddri ferð. Af þessari skipshafnarskrá verður ekki ráðið, hver voru ráðningarkjör Hreins heitins. Hins vegar var hér um fiskiskip að ræða, sem flytja átti til Stykkishólms, en þaðan átti að gera skipið út á fiskveiðar. Ekkert er að öðru leyti upplýst um það, hver kjör Hreinn heitinn skyldi hljóta samkvæmt samningi hans við stefnda, en rétt skýring leiðir til þeirrar niðurstöðu, að útgerðarmanni hafi borið að kaupa líf- og örorkutryggingu fyrir Hrein heitinn í samræmi við framangreinda heildarkjarasamninga, einkum hinn almenna vertíðarsamning.

Fyrr er greint frá því, að vátryggingarsamningur um líf og örorku skipverja á m/b Dagnýju var ekki talinn hafa komist á. Samkvæmt fyrrgreindu var útgerðarmanni skylt að kaupa slíka tryggingu. Telja verður því, að stefndi, Sverrir Sædal, beri ábyrgð á því, að eigi varð af umræddum tryggingarsamningi, en vafalaust er, að hann var eigandi og útgerðarmaður m/b Dagnýjar á þessum tíma. Því hefur að vísu verið haldið fram, að samkomulag hafi verið um það, að eiginmaður og faðir stefnenda, Hreinn heitinn Pétursson, yrði meðeigandi að bátnum. Af gögnum málsins er og ljóst, að ráðagerðir voru uppi um það, að Hreinn heitinn Pétursson og Jón heitinn Sigurðsson yrðu meðeigendur að bátnum síðar að fullnægðum vissum skilyrðum. Allt er þó óljóst um það, hvenær og með hverjum hætti félagsskapur þessi gat orðið. Sama er að segja um þátttöku þeirra Hreins og Jóns í kostnaði af þeirri ferð, sem farin var. Verður aðeins fullyrt, að umrædd félagsstofnun hafi verið á umræðustigi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, án þess að bindandi samningar hafi verið komnir á. Verður því að hafna vörn stefnda, sem byggir á því, að Hreinn heitinn Pétursson hafi með einhverjum hætti verið meðeigandi eða borið fjárhagslega ábyrgð á útgerð m/b Dagnýjar.

Samkvæmt framansögðu ber að taka stefnukröfuna til greina að öllu leyti, þó svo, að vextir ákveðast 7% á ári frá 7. mars 1969 til 16. maí 1973, en 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður til handa skipuðum talsmanni stefnenda, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, er hæfilega ákveðinn kr. 40.000, og greiðist hann úr ríkissjóði. Dæma ber stefnda til að

greiða málskostnað, kr. 40.000, sem í þessu tilviki á að renna til ríkissjóðs.

Dómari var Stefán M. Stefánsson borgardómari og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi skipstjóri, og Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sverrir Sædal Kristjánsson, greiði stefnendum, Sæbjörgu Guðbjartsdóttur fyrir sína hönd og barna sinna, Helga Sævars og Péturs Fannars, kr. 400.000 með 7% ársvöxtum frá 7. mars 1969 til 16. maí 1973, en með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður, kr. 40.000, til handa skipuðum talsmanni stefnenda, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni, greiðist úr ríkissjóði.

Stefnda, Sverri Sædal Kristjánssyni, ber að greiða málskostnað, kr. 40.000, er renni í ríkissjóð.

Framangreindar fjárhæðir ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. mars 1978.

Nr. 167/1976. **Breiðholt h/f**

(Guðm. Pétursson hrl.)

gegn

Hrefnu B. Loftsdóttur vegna sín og ófjárráða dætra sinna, Elínar Þórunnar Eiríksdóttur og Elfu Bjarkar Eiríksdóttur, og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Dánarhætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Arnljótur Björnsson prófessor.